

Kópavogsbær
bt. Ármann Kr. Ólafsson
Bæjarstjóri

Kópavogur 10.05.2022

Efni: Samstarfsyfirlýsing milli Heilsuverndar, Heilsugæslunnar Urðarhvarfi og Kópavogsbæjar um fræðslu og heilsuefningu fyrir eldri borgara í Kópavogi.

Vísað er til samtals um ofangreint efni;

Heilsuvernd á og rekur Heilsuvernd Hjúkrunarheimili á Akureyri, Heilsugæsluna í Urðarhvarfi og KÍM Endurhæfingu Sjúkraþjálfun, auk þess að vera elsta og stærsta starfandi heilbrigðisþjónustufyrirtæki í forvörnum og heilsuefningu á einstaklings og fyrirtækjamarkaði hérlandis. Þá sinnir Heilsuvernd allri lækniþjónustu við Hrafnistuheimilin á höfuðborgarsvæðinu og Vigdísarholt sem rekur Sunnuhlíð og Seltjörn hjúkrunarheimili.

Stefna Heilsuverndar er að hafa jákvæð áhrif á lífsgæði fólks með heilsuefningu, forvörnum og öflugri heilbrigðisþjónustu að leiðarljósi undir slagorði félagsins „Því hver dagur er dýrmætur“

Áherslur okkar á þjónustu við eldri borgara hafa vaxið umtalsvert og hefur félagið nú yfir að ráða fjölþættri þekkingu á því sviði. Markvisst er unnið að því að auka hana enn frekar og er stefnt að því að í Kópavogi muni rísa frekari starfssemi í þessum geira á sviði hjúkrunarrýma og endurhæfingar í samstarfi við Landspítala og Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins.

Því óskar félagið eftir formlegu samstarfi við Kópavogsbæ til að gera enn betur í fræðslu og heilsuefningu eldri borgara með nálgun fagfólks af hálfu félagsins í hjúkrun, næringarfræði, sjúkraþjálfun, félagsráðgjöf og læknisfræði. Horft er sérstaklega til fastra fræðsluerinda og aðgengis að fagfólki á skilgreindum tímum í gegnum félagsmiðstöðvar Kópavogs og í samstarfi við verkefnið Virkni og Velliðan.

Með von um góðar undirtektir,

Virkni er fyllst.

Teitur Guðmundsson
S: 510-6500 | M: 3333
hv@hv.is

Teitur Guðmundsson

Forstjóri Heilsuverndar og samstæðu